

# Reynivellir - Heimavirkjun

## Nánari lýsing framkvæmda

Heiðarlækur er dragá/lækur sem á upptök sín í Efri-Grænhjallabotni í landi Reynivalla. Sá kafli lækjarins sem taka á vatn úr rennur í um 170 m hæð yfir sjávarmáli. Stífla á lækinn með lítilli jarðvegsstíflu (merkt á uppdrátt með rauðum lit) sem mun rúma um 1000m<sup>3</sup> af vatni. Stíflan verður klædd með tjarnardúk til að þétta hana, og „brynvarin“ með grjóthnullungum. Stíflan verður gerð úr jarðvegi teknum úr árfarveginum rétt ofan hennar og ætti því ekki neitt sár að sjást eftir í landslaginu. Náttúrulegt yfirfall verður yfir klöpp við enda stíflu. Þessi tjörn verður notuð sem dægurmiðlun fyrir virkjunina. Hnitsetning miðlunartjarnarinnar er 64°08'22"N og 16°05'15"V. Frá miðlunartjörninni liggur svo þrýstípípa, um 500 metrar á lengd. Hún liggur niður fjallshlíðina og verður boltuð á nokkrum stöðum með múrboltum við bergið til að halda henni í skorðum, þar sem þess er kostur mun pípan vera grafin undir svörðinn, bæði svo hún sjáist ekki og eins til að skorða hana af. Á þeim stöðum sem ekki er mögulegt að grafa pípana mun hún verða lituð í jarðvegslitum til að lágmarka sýnileika hennar. Pípan endar svo í stöðvarhúsi sem mun standa vestan við Ranhól um 900 metrum vestur af bæjarstæðinu á Reynivöllum, þar á milli mun liggja 3x400V jarðstrengur (teiknaður inn með grænum lit á uppdrátt). Uppsett afl heimavirkjunarinnar verður 120 kW. Áætlaður framkvæmdartími er 12 mánuðir. Raforkan mun verða nýtt til heimilisnota og fyrir atvinnustarfsemi á Reynivöllum.

## Þrýstípípa

Á meðfylgjandi uppdrætti má sjá legu pípunnar sem teiknuð er með bláum lit. Inntakið er í um 120 m hæð yfir stöðvarhúsi. Pípan verður úr Polyethelyne um 200 mm í þvermál.

## Stöðvarhús

Stöðvarhús mun standa vestan við Ranhól, stærð hússins er 19m<sup>2</sup> og hæð yfir sjávarmáli um 50 metrar. Hnitsetning stöðvarhússins er 64°08'10"N og 16°05'10"V.

## Aðgengi

Til að koma tækjum, og þá aðallega lítilli beltagröfu upp að stíflustæðinu þarf að gera stuttan vegslóða sem teiknaður er inn á uppdráttinn með brúnum lit, vegslóði merktur með svörtum lit er núverandi vegslóði sem mun nýtast til að koma tækjum að fjallshlíðinni. Vegslóði er þegar fyrir upp fjallshlíðina að hluta til. Helstu hnitsetningar vegslóðans eru, talið upp frá fyrsta punkti að neðan og upp:

64°08'10"N 16°05'08" V

64°08'09"N 16°05'04" V

64°08'14"N 16°04'59" V

64°08'17"N 16°05'00" V

64°08'18"N 16°04'46" V

64°08'21"N 16°04'54" V

## Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif til lengri tíma er vart teljanleg önnur en þau að þrýstípípan verður sjáanleg á kafla niður klettavegg á stuttum kafla. Affallsvatni úr rafstöð mun verða skilað í sama lækjarfarveg til baka og mun ekki hafa áhrif á lífríki umhverfis lækinn, en eingöngu mun hluti þess vatns sem nú þegar er í læknum verða notað til raforkuframleiðslu og umframvatn áfram streyma niður sama árfarveg. Stöðvarhúsið verður staðsett vestan við Ranhól og vegslóðinn einnig, og verður sýnileiki því svo til enginn frá þjóðvegi 1.



Mynd 1 Uppdráttur